



reliefband®
CLASSIC


Klínískt prófuð vörn gegn ógleði og uppköstum

Vinnur gegn ógleði og uppköstum af völdum ferðaveiki (sjóveiki, flugveiki, bílveiki), morgunógleði á meðgöngu, krabbameinslyfjameðferðar, skurðaðgerða*, mígreni samkvæmt lækninggreiningu, kvíða og þynnku (timburmanna).

**sem stuðningur við ógleðistillandi lyf eftir skurðaðgerðir*


Hvernig virkar tækið?

1




Reliefband® býr til sértækan púls frá neðri hluta tækisins sem örvar miðtaugina sem er staðsett undir húðinni nálægt úlnliðnum.

2



Boðin sem myndast í miðtauginni berast síðan upp í gegnum taugakerfið til þess hluta heilans sem stýrir ógleði og uppköstum.

3



Rafpúlsinn hefur endurstillingaráhrif þannig að taugaboðin frá heila til maga verða eðlilegri sem dregur úr ógleði og flökurleika.

Svona á að nota Reliefband®

STAÐSETNING

1



Hreinsaðu svæðið fyrst. Notaðu lítinn dropa af leiðnigeli (conductivity gel) og dreifðu í hring sem er á stærð við stóran pening með jöfnum gljáa (þ.e.a.s. þunnt lag með glansandi útliti).

UNDIRBÚNINGUR

2





Finndu upphafssvæðið á úlnliðnum. Notaðu má úlnliðinn á hvorri höndinni sem er. Réttu svæðið er, rétta svæðið er á milli tveggja sinanna neðst á úlnliðnum – um það bil tvær fingurbreiddir fyrir ofan úlnliðsbrúnina (lengst frá olnboga).

STILLIÐ AF OG RÆSIÐ

3



Legðu tækið yfir svæðið sem þú barst leiðnigelið á og hertu ólina þar til tækið liggur þétt að úlnliðnum.

Þrýstu á hnappinn á miðju tækisins  til að ræsa það. Byrjaðu á styrkleika 1 og auktu styrkinn eftir því sem þarf þar til þú finnur fyrir fiðringi eða örvun gegnum miðtaugina niður í lófa og löngutöng. Fiðringurinn á ekki að vera óþægilega mikill. Haltu miðjuhnappnum  niðri í 3 sekúndur til að slökva á tækinu.

NOTKUN: Reliefband® Classic er ætlað til að vinna gegn ógleði og uppköstum af völdum ferðaveiki (sjóveiki, flugveiki, bílveiki), kvíða, þynnku (timburmanna), krabbameinslyfjameðferðar, morgunógleði á meðgöngu og mígreni samkvæmt læknisgreiningu. Reliefband® Classic hefur ennfremur ábendingu um stuðning við ógleðistillandi lyf sem gefin eru eftir skurðaðgerðir. Selt án lyfseðils.



MIKILVÆGT: Mikilvægt er að staðsetja Reliefband® með réttum hætti á úlnliðnum til að tryggja hámarks virkni gegn ógleði og uppköstum. Áður en þú byrjar að nota Reliefband® biðjum við þig um að lesa þessar leiðbeiningar vandlega. Til að Reliefband® virki þarftu að finna fyrir örvun frá tækinu í miðfingrum (vísifingri, löngutöng eða baugfingri) og/eða í lófanum.

INNIHALD: (1) Reliefband® Classic (2), Rafhlöður í tækinu (útskiptanlegar), (1) Túpa af ofnæmisprófuðu leiðnigeli og (1) Notkunarleiðbeiningar.



EMERGO EUROPE
Prinsessegracht
20 2514 AP The Hague
The Netherlands

220 Gibraltar Road, Suite 270, Horsham, PA 19044, Bandaríkjunum

Reliefband® er skrásett vörumerki Reliefband Technologies, Inc.

Reliefband® tæknin nýtur bandarískra einkaleyfa nr. 6,076,018; 7,127,288. Japanskra einkaleyfa nr. 4,812,810; 4,220,129. Kanadískra einkaleyfa nr. 2,449,554; 2,342,873.

Ástralskra einkaleyfa nr. 766463; 2004200090; 2002305786. Evrópskra einkaleyfa nr.

1,109,595-UK, Frakkland og Þýskaland (DE 69940405.3)

Hannað og þróað í Bandaríkjunum, framleitt í Malasíu. ©2020 Reliefband Technologies

í Bandaríkjunum, sími 1-877-735-2263

virka daga klukkan 9:00 AM - 5:00 PM CST

Umboð á Íslandi: Promax ehf., sími 511-2011

virka daga kl. 9.00-17.00. promax@promax.is

6006820AW Rev A

LÝSING Á RELIEFBAND®: Reliefband® er stafrænt (digital) lækningatæki sem fest er á armband og er búið örvandi elektróðu (rafskauti) sem snýr að úlnliðnum. Tækið vinnur gegn ógleði og uppköstum með mildri rafskautaörvun miðtaugar í úlnlið. Rafhlöðurnar endast í u.þ.b. 150 tíma í notkun á styrk 3 eða neðar. Hægt er að skipta um rafhlöður þegar þær hafa tæmst.

ÖRYGGISUPPLÝSINGAR



AÐVÖRUN:

- Notendur hjartagangráða - notið tækið aðeins á úlnliðnum og aðeins í samræmi við leiðbeiningar til að koma í veg fyrir mögulega víxlverkun við gangráðinn. Forðist að setja rafskaut Reliefband® tækisins beint á brjóstið eða nálægt gangráðnum. Ráðfærðu þig við lækni áður en þú notar tækið.
- Haldið Reliefband® tækinu frá ungum börnum þar sem í því er rafhlaða sem ekki má setja í munn og getur valdið köfnunarhættu.
- Ógleði og uppköst geta bent til alvarlegra heilsufarsvandamála. Ráðfærðu þig við lækni ef slík einkenni eru viðvarandi.
- Aðeins ætti að nota Reliefband® á úlnliðnum. Setjið það ekki annars staðar á líkamann vegna þess að tækið getur valdið óæskilegum áhrifum á borð við fiðring, vöðvakippi eða ertingu í húð.
- Reliefband® lækna ekki hinar undirliggjandi ástæður fyrir ógleði og uppköstum. Sá léttir sem þú getur fundið við notkun tækisins getur verið breytilegur eftir líkamsástandi og hvers konar lyfjum sem þú gætir verið að taka og valda misjöfnum áhrifum á líkamann.
- Ef þér er ómögulegt að halda niðri mat eða drykk eða hefur verið að léttast ættirðu að hafa samband við lækni.
- Reliefband® er skvettupolið (þolir regndropa og tilfallandi vatnsskvettur). Dýfið tækinu ekki á kaf í vatn eða hafði það á úlnliðnum þegar farið er í bað eða sturtu. Reliefband® er einnig höggvarið.
- Armbandið inniheldur náttúrulegt gúmmí latex, sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

AUKAVERKANIR:

- Sumir einstaklingar geta fundið fyrir ertingu (roði eða kláði í húð, rauðar bólur eða litlar blöðrur) í kringum svæðið þar sem gullplöturnar (rafskautin) á bakhlið tækisins snerta húðina. Ef þessi erting er viðvarandi, skaltu færa tækið yfir á hinn úlnliðinn. Ef ertingin hverfur ekki innan sólarhrings skaltu hætta notkun tækisins og ráðfæra þig við lækni eða lyfjafræðing. Áframhaldandi notkun tækisins á húð sem verður fyrir ertingu getur skaðað húðina.

UPPLÝSINGAR VARÐANDI SKILMÁLA FCC (FEDERAL

COMMUNICATIONS COMMISSION): Tækið uppfyllir skilyrði 15. greinar reglna FCC. Notkun þess er háð eftirfarandi skilyrðum: (1) Tækið má ekki valda skaðlegum truflunum á rafsegulbylgjum og (2) tækið verður að geta þolað allar truflanir á rafsegulbylgjum, þar á meðal bylgjum sem geta valdið óæskilegri virkni þess.

VIÐHALD: Haldið snertiflötum rafskautanna hreinum. Nota má rakan klút til að fjarlægja leifar leiðnigels. Uppsafnaðar leifar leiðnigels geta dregið úr virkni tækisins. Varist að tækið fari á kaf í vatn.

Á Reliefband.is er hægt að kaupa fleiri Reliefband® tæki og aukahluti, þar með talið leiðnigel og fleira.

UMHVERFISAÐSTÆÐUR:

Reliefband® ætti aðeins að nota á hitabilinu 0°C til 45°C (32°F til 113°F) og við 20%-90% loftraka.



GEYMSLUADSTÆÐUR:

Hægt er að flytja og geyma tækið á hitabilinu 0°C til 27°C (32°F til 80°F) og 20-80% loftraka. Ef tækið hefur verið flutt eða geymt utan þessara marka, er rétt að hafa það innan ráðlagðra marka í a.m.k. 30 mínútur fyrir notkun.



FÖRGUN: Engin hættuleg efni er að finna í tækinu eða rafhlöðunum og má farga þeim í samræmi við almennar ráðleggingar. Rafhlöðurnar geta sprungið ef þær eru ekki meðhöndlaðar með réttum hætti.

Ekki má endurhlaða þær, taka í sundur eða fleygja á eld.

Engar breytingar eru heimilar á Reliefband® tækinu.

TÆKNIUPPLÝSINGAR: Reliefband® samræmist eftirfarandi reglum og stöðlum: IEC 60601-1:2005 +Corr.1 (2006) +Corr. (2007); CAN/CSA-C22.2 nr. 60601-1 (2008), EN 60601-1:2006 +CORR:2010, og ANSI/AAMI ES60601-1 (2005 + C1:09 + A2:10). Reliefband® er viðurkennt sem „class B“ stafrænt tæki samkvæmt FCC 47 CFR, 15. grein (B), og stenst eftirfarandi rafsegulsviðssamræmisstaðal: EN55011 (CISPR 11).

Geislun: Radiated Emission: EN61000-4-2 Ónæmisprófun gegn rafstöðuhleðslu; ENV 50204 og EN 61000-4-3 Ónæmisprófun gegn útgeislunum rafsegulsviðum við útvarpstíðni.



Reliefband® er GERÐ BF notendahlutur.



Athugið, Reliefband® hefur lífeðlisfræðileg áhrif á líkamann eins og lýst er í þessum leiðbeiningum.

IPX4 Reliefband® er skettuvarið.



Viðvörðun sem er krafist af Kaliforníu fylki: Efni úr perklorat – gæti þarfnast sérstakrar meðhöndlunar.

Sjá www.dtsc.ca.gov/hazardouswaste/perchlorate.



Þessi vara inniheldur náttúrulegt gúmmílatex, sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

TÆKNILÝSING

Stærð	Dropalaga, Breidd og lengd 38,1x50,8 mm, dýpt 11,4 mm
Þyngd	Um 34 g
Stillingar.....	Hnappur
Notandaviðmót.....	Kveikt: blikkandi grænt LED ljós sem sýnir styrkinn
Rafhlaða að tæmast	Blikkandi ljós (sjá mynd 1)
Úttaksrásir	Tvö rafskaut
Hámarks úttak	40mA
Rafhlöður.....	Tvær 3V lithium hnapparafhlöður (CR 2025) sem notandi getur skipt um sjálfur. Óendurhlaðanlegar.

SPURNINGAR OG SVÖR

Hvenær á að nota Reliefband®?

- Þú getur notað Reliefband® áður eða eftir að ógleði gerir vart við sig eða uppköst hefjast og haft tækið í gangi eins lengi og einkennin vara. Ef þú ert mjög viðkvæm/ur fyrir ferðaveiki skaltu ræsa Reliefband® a.m.k. hálf tíma áður en þú lendir í þeim aðstæðum (t.d. bílferð, sjóferð eða flugferð).

Hvernig get ég verið viss um að tækið sér rétt staðsett til að ná esta árangri?

- Eftir að hafa kveikt á tækinu, skaltu hreyfa það lítillega til hliða og upp og niður á úlnliðnum þar til þú finnur fyrir áhrifum (fiðringi eða örvun). Þú finnur fiðringinn í lófanum og miðjufingrum þegar Reliefband® tækið er komið á réttan stað. Tækið gefur rafpúlsinn á 4 sekúndna fresti.
- Ef þú finnur lítinn eða engan fiðring eftir að hafa fært tækið til á úlnliðnum, skaltu auka styrkinn. Tækið er með fimm styrkstig, 1, 2, 3, 4 og 5, þar sem 5 er mesti styrkurinn. Ef þú ert á mesta styrk skaltu beygja fingurna lítillega og bretta upp á úlnliðnum. Þegar örvunin finnst skaltu herða ólina.
- Prófaðu tækið á hinum úlnliðnum. Hafðu það á þeim úlnlið þar sem þú finnur mesta fiðringinn miðað við styrkleika. Auktu styrkinn til að ná þeim hámarks áhrifum sem unnt er að ná án óþæginda.

Á hvorum úlnliðnum ætti ég að hafa Reliefband®?

- Hafðu það á þeim úlnlið þar sem þú finnur mesta fiðringinn á lægsta styrknum.

Skapar það vandamál ef húðin er þurr eða viðkvæm?

- Hentugt getur verið að bera leiðnigelið á oftari ef húðin er þurr. Ef húðin er viðkvæm, skaltu færa tækið milli úlnliða á 2ja til 3ja tíma fresti. Mundu að bera leiðnigel á í samræmi við leiðbeiningar.

Hversu lengi endast rafhlöðurnar?

- Rafhlöðurnar ættu að endast í u.þ.b. 150 tíma notkun á styrk 3, en skemur þegar styrkurinn er hærri. Til eru mörg vörumerki rafhlaðna og getur verið munur á endingartíma þeirra.
- Sumar tegundir endast lengi miðað við tilfallandi notkun, meðan aðrar endast lengur við tíðari notkun. Prófaðu þig áfram til að sjá hvaða vörumerki hentar þinni notkun á tækinu.

Hvernig veit ég að rafhlöðurnar eru að dofna?

- Rafhlöðuljosið (sjá mynd 1) fer að blikka rólega þegar lítið er eftir af hleðslu. Þegar ljosið fer að blikka er 10 stunda endingartími eftir, breytilegur eftir styrkstillingu og hversu lengi tækið hefur verið í notkun. Gættu að því hvort græna ljosið blikkar á einhverri af 5 styrkstillingunum.

Græna ljosið blikkar en engin örvun finnst

- Hreyfðu tækið til og frá á úlnliðnum. Gættu að því að tækið sé rétt staðsett. Auktu styrkinn. Berðu meira leiðnigel á úlnliðinn og gættu þess að það sé jafnt borið á og gljái. Kannaðu hvort ólin sitji tryggilega á úlnliðnum. Gættu að því hvort græna ljosið blikkar á einhverri af 5 styrkstillingunum.

Ekkert ljós blikkar

- Gættu þess að kveikt sé á tækinu. Þú átt að sjá grænt ljós blikka á einhverri af 5 styrkstillingunum. Prófaðu að slökkva á tækinu og endurræsa. Rafhlöðurnar gætu hafa tæmst.

Frekari spurningar og svör er að finna á reliefband.is og reliefband.com

BILANAGREINING

Neðangreindri töflu er ætlað að hjálpa til við að leysa úr aðstæðum sem geta komið upp við notkun tækisins.

Aðstæður

Græna ljosið blikkar en engin örvun finnst

Ráðlagðar lausnir

Hreyfðu tækið til og frá á úlnliðnum. Gættu að því að tækið sé rétt staðsett. Auktu styrkinn. Berðu meira leiðnigel á úlnliðinn og gættu þess að það sé jafnt borið á og gljái. Kannaðu hvort ólin sitji tryggilega á úlnliðnum. Gættu að því hvort græna ljosið blikkar á einhverri af 5 styrkstillingunum.


Ekkert ljós blikkar

Gættu þess að kveikt sé á tækinu. Þú átt að sjá grænt ljós blikka á einhverri af 5 styrkstillingunum. Prófaðu að slökkva á tækinu og endurræsa. Rafhlöðurnar gætu hafa tæmst (sjá förgunarleiðbeiningar).

Rafhlöðuljós blikkar

Þegar rafhlöðuljosið (sjá mynd 1) fer að blikka bendir það til þess að lítið sé eftir á rafhlöðunum. Endurræstu tækið til að sjá hvort einhver hleðsla er eftir. Lækkaðu styrkinn. Ef ljosið heldur áfram að blikka eru rafhlöðurnar að tæmast.

Eiginleikar og íhlutir



Mynd 1

Skipt um rafhlöður:

- Rafhlöðuljosið (mynd 1) blikkar þegar lítil hleðsla er eftir á rafhlöðunum, alla jafna endast rafhlöðurnar þá í 10 tíma í viðbót, eftir styrkstillingu.
- Flettið út gúmmilokunni fyrir rafhlöðuopinu, merkt OPEN HERE (mynd 2) og togjið út rauða rafhlöðubakkann til að skipta um rafhlöður.
- Fjarlægjið notuðu rafhlöðurnar og setjir tvær nýjar rafhlöður í tækið (3V, CR 2025 lithium hnapparafhlöður). Rafhlöður af þessari stærð fást víða í matvörubúðum, raftækjaverslunum og byggingavörverslunum.
- Mikilvægt er að nýju rafhlöðurnar séu settar rétt í, þannig að plúsinn (+) snúi niður (mynd 3). Stingið rauða rafhlöðubakkanum inn og gætið þess að gúmmilokan OPEN HERE fari aftur á réttan stað, þannig að hún falli þétt að. Aldrei má setja rauða rafhlöðubakkann tóman í tækið, það getur valdið skemmdum.



Mynd 2



Mynd 3

Heilræði um notkun:

1. Prófaðu Reliefband® á báðum úlnliðum og notaðu tækið á þeim úlnliði þar sem mesta örvun finnst á lágstu stillingu.
2. Hjá sumum aukast áhrif tækisins ef leiðnigelið er borið á tvisvar.
3. Leiðnigelið ætti að bera á á 2ja til 3ja tíma fresti, eða eftir handþvott eða ef örvunin minnkar.
4. Gott ráð er að slökkva endrum og sinnum á Reliefband® tækinu til að ganga úr skugga um hvort tilfinning fyrir ógleði eða uppköstum sé enn fyrir hendi. Ef einkenna gætir enn er ráðlegt að kveikja strax aftur á tækinu.
5. Þegar notkun tækisins er lokið, skaltu taka það af og hreinsa leiðnigelið af úlnliðnum og tækinu með bréfpurrku.
6. Mundu að slökkva á tækinu þegar það er ekki í notkun til að auka endingartíma rafhlaðnanna.
7. Geymdu Reliefband® á öruggum og þurrum stað þar sem börn ná ekki til.
8. Ef of mikið af leiðnigelinu er borið á úlnliðinn er ekki víst að notandinn finni fyrir tilskilinni örvun frá tækinu. Ráðlegt er að hreinsa gelið af tækinu og höndinni og bera það á aftur. Ef örvunin virkar hins vegar of mikil á lágsta styrk 1, þá má prófa að bera aðeins meira leiðnigel á úlnliðinn.

Ef þú átt í vandræðum með rafhlöðulokuna mælum við með eftirfarandi:

1. Gættu þess að rauði rafhlöðubakkinn sé rétt settur inn í tækið.
2. Gættu þess að mjóa bláa röndin á vinstri hlið rafhlöðulokunnar sé inni í tækinu.
3. Þrýstu með fingri á vinstri hluta rafhlöðulokunnar þar til hún fellur þétt fyrir innan opið vinstra megin.
4. Þrýstu frá vinstri til hægri á efri hluta rafhlöðulokunnar þannig að hún falli að hægra megin.
5. Þrýstu neðri brún rafhlöðulokunnar inn í tækið með hreyfingu frá vinstri til hægri.
6. Ef rafhlöðulokan stendur ennþá út úr tækinu skaltu leggja tækið á borð eða annan harðan, sléttan flöt um það bil 5 eða 6 sinnum til að festa rafhlöðulokuna.